

Aðalfundur Hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis
Lundarskóla mánudaginn 4.október 2010 kl. 19.30.

Mættir: Ingvar Þóroddsson, formaður og Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, fundarritari.
Mættir íbúar voru 32 talsins.

1. Ingvar fór yfir helstu mál síðastliðinna ára. Haldnir hafa verið fjórir fundir á starfsárinu. Áherslan hefur verið lögð á umferðaröryggismál og samfélagsmál. Nefndin fagnar þrengingu í Þingvallastræti og hefði viljað sjá fleiri þrengingar og úrbætur. Umræður meðal íbúa bentu til misjafnra skoðana á t.d. hraðatakmörkunum og fleiri aðgerðum. Nefndin hefur ekki beitt sér sem þrýstihópur í málum sem eru oft persónuleg fyrir fólk. Hins vegar hefur nefndin sent inn erindi almenns eðlis og tillögur að úrbótum sem eru sérstaklega til hagsbóta fyrir börn. Engin vorhátið var haldin í ár og bent á mikilvægi þess að Lundarskóli og hverfisnefndin eigi gott samstarf um slíka hátíð sem hægt er að gera að hefð í hverfinu.
2. Bryndís fjallaði um mikilvægi hverfisnefnda fyrir félagsauð í bæjum og áherslur L-listans á hverfisnefndir samkvæmt stefnuskrá.
3. Kosning. Engin ný framboð komu í nefndina en fólk bent á að hafa samband símleiðis eða í tölvupósti ef það hefur áhuga á að bjóða fram starfskrafta sína.

Fundi slitið kl. 20.00

Bryndís Elfa Valdemarsdóttir